



Ársskýrsla  
Fjölbrautaskólans í  
Garðabæ 2020

Apríl 2020

Kristinn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

1	Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
1i	Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
2	Skólasamningur og stefnuskjal til þriggja ára	4
3	Starfsemi skólaárið 2020	5
3.i	Vor- og miðönn 2020	5
3.ii	Haust- og miðönn 2020	5
4	Foreldraráð og samskipti við forráðamenn	7
5	Sjálfsmat	8
6	Námsframboð	9
7	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna	10
7.i	Stærð húsnæðis	10
7.ii	Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2020	10
7.iii	Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2020	10
7.iv	Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2015–2020 greind eftir kynjum	10
7.v	Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitafélögum haust 2020	9
7.vii	Meðalstærð námshópa í dagskóla 2018 og 2019	10
8	Starfsfólk	12
8.i	Skólanefnd FG	12
8.ii	Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2020	12
8.iii	Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	13
8.iv	Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans	13
8.v	Hverjir teljast til stjórnenda skólans	13
8.vi	Kynjaskipting starfsfólks	13
8.vii	Starfsaldur kennara í FG	13
8.viii	Kennsluhættir í FG	13
9	Fjármál skólans	15
	Viðauki prófíll skólans	16
	Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára	17

## 1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar og þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka vísýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfá þá í gagnrýninni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfá nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl

### 1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur, áætlanir og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisstefna](#)
- [Persónuverndarstefna](#)
- [Starfsmannastefna](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Umhverfisstefna](#)

Áætlanir

- [Viðbragðsáætlun FG](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)
- [Endurmenntunaráætlun](#)
- [Eineltismál](#)
- [Barnavernd](#)
- [Viðbrögð við samskiptavanda](#)

Reglur

- [Reglur um skólasókn](#)
- [Reglur skólans varðandi vímuefni](#)
- [Prófreglur](#)
- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um veikindi](#)
- [Reglur um skráningu nemenda](#)
- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Umgengnisreglur](#)

## 2 Skólasamningur og stefnuskjal til þriggja ára

Nú er ekki lengur gerður skólasamningur. Þess í stað leggur skólinn á hverju ári fram stefnuskjal til þriggja ára og er það endurskoðað á hverju ári. Síðast var lagt fram stefnuskjal í nóvember 2020. Sjá má það stefnuskjal í viðauka. Stefnuskjalið var samþykkt hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Að hausti 2019 var lagt fram stefnuskjal til þriggja ára. Sett voru fram markmið og verður gerð grein fyrir þeim. Ekki er tímabært að fara yfir þau markmið sem sett voru í nóvember 2020, en það má sjá í viðauka á bls. 17.

Varðandi kjarnastarfsemi voru lögð fram þrjú markmið.

1. **Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma.** Á árinu 2020 útskrifuðust 63,1% nemenda með B eða hærra í kjarnagreinum í grunnskóla á þremur árum.
2. **Taka upp þriggja anna kerfi á haustönn 2019.** Þetta markmið gekk eftir. Þriggja anna kerfi var tekið upp haustið 2019. Þetta er tilraun sem stendur í þrjú ár. Að þeim loknum verður árangurinn metinn.
3. **Bæta árangur í námi.** Þetta markmið hófst haustið 2019. Hafa ber í huga að Covid-19 getur hafa haft áhrif á niðurstöður.  
Sett var markmið um að skólasókn yrði 85% raunmæting skólaárinu 2019-2020. Niðurstaðan var 88% raunmæting. Skólasókn var 83,8% veturinn 2018-2019.  
Sett var markmið um að meðaleinkunn yrði 6,5 á skólaárinu 2019-220. Niðurstaðan var 6,78. Meðaleinkunn á skólaárinu 2018-2019 var 6,32.  
Samkvæmt þessu markmiði átti að hefja þátttöku í skjólapúlsum. Það er enn til skoðunar innan skólans.  
Kennslumat er áfram framkvæmt í FG og var meðaltal kennslumats á árinu 2019-2020 4,27 af 5 mögulegum.

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram tvö markmið.

1. **Tölvur, tæki, búnaður og þar með talinn hugbúnaður sé samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð.**  
Hér hefur náðst mikill árangur á undanförunum árum. Búið er að endurnýja að hluta eða öllu leyti 10 stofur. Búið að panta húsgögn í tvær til viðbótar. Kennarar hafa greiddan aðgang að þeim hugbúnaði sem þarf og þeir vilja. Allir kennarar fengu nýjar fartölvur haustið 2020 og settar "tengidokkur" á öll vinnuborð og í allar stofur.
2. **Auka kunnáttu kennara til notkunar upplýsingatækni í kennslu.**  
Haldin hafa verið námskeið fyrir kennara haustin 20189, 2019 og 2020 í upphafi haustannar. Skólinn hefur greitt kennurum fyrir þátttöku í þessum námskeiðum. Vegna Covid-19 var námskeiðið haustið 2020 með áherslu á fjarkennslu.  
Ráðinn var inn sérfræðingur í upplýsingatækni í samvinnu við Flensborgarskólann í Hafnarfirði og Fjölbrautskóla Suðurnesja.

### 3 Starfsemi skólaárið 2019

#### 3.i Vor- og miðönn 2020

Þar sem skólinn er kominn í þriggja anna kerfi hófst árið 2020 með venjulegum kennsludegi mánudaginn 6. Janúar. Þá þegar var liðnar tæpar fimm vikur af tíu kennsluvikum miðannarinnar. [Opinn fundur var með nemendum 22. janúar](#). Imbruvika var að þessu sinni 29. – 30. janúar og var þema daganna umhverfismál og var boðið upp á fjölda fyrirlestra og atburða. Hápunktur Imbrudaga var árshátíð nemenda.

Kennslu miðannar lauk 12. febrúar og hófust próf næsta dag. Brautskráning miðannar fór fram 28. febrúar. Að þessu sinni voru allir sem brautskráðust að ljúka stúdentsprófi. Af þeim 28 sem brautskráðust voru 10 af listnámsbrautum, 5 af hönnunar og markaðsbraut, 4 af íþróttabraut, 3 af náttúrufræðibraut, 3 af alþjóðabrautum, 2 af viðskiptabrautum og einn af félagsvísindabraut.

Kennsla á vorönn hófst 25. febrúar. Talsverður fjöldi sótti um að komast inn í skólann á þessari önn en aðeins var hægt að taka inn lítinn hluta. Var þar einkum horft til nemenda sem voru á fyrsta ári.

Önnin fór vel af stað en fljótlega fór Covid-19 að hafa áhrif á starfsemi skólans. Talsverður hópur starfsmanna smitaðist af Covid og sama gerðist með nemendum. Í byrjun mars var þriðjungur nemenda skólans kominn í sóttkví og svipað var ástandið hjá starfsmönnum. Föstudaginn 13. mars var tilkynnt að öllum framhaldsskólum yrði gert að flytja alla sína kennslu í fjarkennsluform frá og með 16. mars. Við ákváðum strax í upphafi að halda okkur við þær stundarskrár sem lágu fyrir. Það reyndist góð ákvörðun. Kennsla hófst í fjarkennslu 16. mars og innan skamms voru flestir kennarar búnir að ná tókum á því að kenna í fjarnámi. Náms- og starfsráðgjafar voru í stöðugu sambandi við kennara og nemendur og hringdu í alla þá sem kennarar höfðu áhyggjur af. Bæði kennarar og nemendur stóðu sig með afbrigðum vel og var árangur um margt frábær í ljósi aðstæðna.

Félagslíf nemenda féll að mestu niður sem eftir lifði annar. Leikfélagið Verðandi náði þó að [frumsýna söngleikinn Reimt eftir Karla Ágúst Úlfsson](#) þann 6. mars og var ákaflega mikið lagt í sýninguna. Því miður náðist aðeins sýna tvær sýningar áður en skólanum var lokað 14. mars.

Kennsla var að mestu í fjarkennsluformi út önnina. Einungis nemendur í listnámi komu í takmörkuðum mæli í skólann í maí. Árangur annarinnar var góður bæði hvað varðar skólasókn og einkunnir. Það er hins vegar vandkvæðum bundið að bera þessa önn saman við fyrri annir.

Kennslu lauk 15. maí og hófust próf 18. maí. Brautskráning fór fram 30. maí og fór mikil vinna í að ræða við nemendur og finna það form sem tæki tillit til þeirra sóttvarnarreglna sem í gildi voru á þeim tíma. Hópurinn var stór miðað við brautskráningar í FG eða 103 nemendur. Að lokum var ákveðið að halda athöfnina án aðstandanda í Urðarbrunni. Nemendum var dreift um salinn og komu þeir upp á svið og tóku sín skírteini. Að athöfn lokinni fögnuðu aðstandendur og starfsmenn skólans nemendum úti við og stóðu heiðursvörð. Af þeim 103 sem brautskráðust voru 100 að útskrifast með stúdentspróf, 20 af viðskiptabrautum, 16 af íþróttabraut, 15 af listnámsbrautum, 15 af náttúrufræðibrautum, 13 af hönnunar og markaðsbraut, 13 af félagsvísindabraut, 8 af alþjóðabrautum, og þrír nemendur með lokapróf af sérnámsbraut.

Lítið alþjóðastarf var á önninni. Fimm starfsmenn fóru á Bett upplýsinga- og tækisýninguna í London í janúar. Öðrum ferðum var frestað vegna Covid-19.

#### 3.ii Haust- og miðönn 2020

Eins og undanfarin ár var aðsókn að FG mikil og ólíklegt að hún verði nokkurn tíma meiri en fyrir

haustið 2020. Á töflunni hér fyrir neðan sjáið þið aðsókn að skólanum frá árinu 2008.

2020	FG	Val 1	260
	FG	Val 2	370
2019	FG	Val 1	237
	FG	Val 2	313
2018	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	317
2017	FG	Val 1	217
	FG	Val 2	366
2016	FG	Val 1	206
	FG	Val 2	244
2015	FG	Val 1	195
	FG	Val 2	290
2014	FG	Val 1	200
	FG	Val 2	300
2013	FG	Val 1	158
	FG	Val 2	274
2012	FG	Val 1	162
	FG	Val 2	292
2011	FG	Val 1	190
	FG	Val 2	273
2010	FG	Val 1	181
	FG	Val 2	247
2009	FG	Val 1	167
	FG	Val 2	366
2008	FG	Val 1	80
	FG	Val 2	282

Teknir voru inn 200 nýnemar og 38 aðrir nemendur á haustönn 2020. Í upphafi annar voru um 740 nemendur í skólanum og var það heldur meira en síðasta ár. Skólinn er með heimild fyrir 700 ársnemendum. Það er orðið mjög mikilvægt að stækka skólann og byggja við hann. Skólann vantar fleiri nemendaígildi. Auk mikillar aðsóknar að dagskólanum erum við með fjarnám. Það er og hefur verið stefna skólans að vera með fjölbreytt námsframboð og tryggja þannig að sem flestir finni nám

við hæfi. Upptökusvæði skólans eru stækkandi sveitarfélög, því auk Garðabæjar sækja nemendur frá Kópavogi og Hafnarfirði um skólavist. Má það m.a. rekja til náms á listnámsbrautum og íþróttabraut sem ekki er í boði í þeim sveitarfélögum. Undanfarin ár höfum við skilað af okkur fleiri nemendaígildum en við fáum greitt fyrir.

Haustönnin hófst með námskeiði fyrir kennara. Fyrirhugað hafði verið að hafa námskeið um leiðsagnarmat. En vegna Covid-19 og þeirrar staðreyndar að við þurftum að hefja kennslu að hálfu leyti í skólanum og hálfu leyti í fjarnámi var ákveðið að horfa frekar á fjarkennsluáferðir og fengum við utanaðkomandi sérfræðinga til vera með kynningar á námskeiðinu. Námskeiðið tókst vel og voru flestir kennarar með á námskeiðinu en borgað var fyrir þátttöku en námskeiðið fór fram utan vinnudaga kennara.

Önnin hófst formlega með kennarafundi 18. ágúst og hófst svo kennsla mánudaginn 24. ágúst. Eins og fram kom hér að ofan var kennsla ekki með hefðbundnu sniði og var svo alla önnina. Þó var það svo að listnám var að mestu í skólanum og náðum við að halda því þannig alla önnina. Einnig voru fámennir hópar talsvert í staðnámi. Framan af önninni voru allir áfangar að einhverju leyti í staðnámi en það breyttist 4. október þegar mest allt bóknám var fært í fjarnám og var þannig til loka haustannar. Kennslu lauk 30. október og hófust próf 2. nóvember. Brautskráning fór fram 21. nóvember. Vegna sóttvarnareglna voru engir aðstandendur viðstaddir en nemendum var skipt í tvö hólf og komu þeir upp á svið og sóttu skírteini sín á sitt hvort borðið. Að þessu sinni brautskráðust 30 stúdentar, 7 af viðskiptabrautum, 6 af listnámsbrautum, 5 af íþróttabraut, 4 af hönnunar og markaðsbraut, 3 af félagsvísindabraut, 3 af alþjóðabrautum og 2 af náttúrufræðibraut.

Miðönnin hófst 16. nóvember og var bóklegt nám að miklu leyti í fjarkennslu en listnám og nokkrir fámennir áfangar í bóknámi í skólanum. Sótt var um undanþágu til heilbrigðismálaráðuneytisins til að auka kennslu í staðnámi en sú undanþága fékkst ekki. Því var kennslan með óbreyttu sniði frá upphafi og fram að jólafríi sem hófst 18. desember. Í heild gekk kennslan nokkuð vel en ekki var laust við að nokkurrar þreytu gætti meðal kennara og nemenda á þessu ástandi. Félagslíf nemenda var með mjög breyttum hætti vegna sóttvarnareglna. Þrátt fyrir þessar reglur sýndi stjórn nemendafélagsins mikla útsjónarsemi í að halda úti félagslífi fyrir nemendur sína á þessum tíma.

Ekkert alþjóðastarf var í gangi á miðönn. Öllum ferðum og samstarfi var frestað vegna Covid 19.

#### 4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og fær einn fulltrúi þess boð á skólanefndarfundum. [Foreldraráðið](#) hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti [Facebook síðu](#). Stjórnendur skólans funda með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín fulltrúa nemenda og annarra starfsmanna. Foreldraráðið hefur verið að mestu óvirkt á árinu 2020. Skólinn hefur hins vegar lagt mikla áherslu á að halda foreldrum upplýstum og hefur sent mikinn fjölda tölvupósta og haldið opna rafræna fundi fyrir foreldra. [Hér má sjá flesta þá pósta hafa verið sendir á árinu 2020.](#)

Foreldraráðið hefur á köflum verið ákaflega virkt og staðið fyrir fyrirlestrum, fundum og könnunum. Það sem hefur þó helst staðið starfseminni fyrir þrifum er þátttökuleysi foreldra. Það er ljóst að það er mikið verk fyrir höndum að sannfæra foreldra um að þeir eigi fullt erindi inn í framhaldsskólana. Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjá vegu. Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundum með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið. Í öðru lagi með netpósti en skólinn sendir af og til netpóst til forráðamanna með upplýsingum. Hlutverk foreldraráðsins hefur aukist í tengslum við gæslu á skóladansleikjum og einnig hafa þeir útvegað verðlaun til nemenda sem hafa verið dregnir úr svokölluðum edrúpotti.

## 5 Sjálfsmat

Sjálfsmat er snar þáttur í starfsemi FG. Á hverju ári er gerð [skýrsla](#) um sjálfsmat og er hún birt á heimasíðu skólans á hverju ári. Þar er gerð ítarleg grein fyrir sjálfsmati í FG.

Gæðaráð hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Gæðaráðið fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku, þá er farið yfir helstu þætti skólastarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, 2 kennslustjórar 2 námsráðgjafar og félagsmálafulltrúi. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggi það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni.

2020 var sem fyrr lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans, eins og t.d. kennslukannanir, skoðun námsárangurs, líðan starfsmanna, mat á forvörnum, próf og prófagerð, kennsluáætlanir o.fl. Árleg úttekt á einni námsgrein/námsbraut sem fyrirhuguð var í desember 2020 var frestað vegna covid ástandsins.

Ytri úttekt veitir heildaryfirsýn yfir starfsemi stofnunar og í því felast tækifæri til að breyta og bæta starfseminna enn betur. Niðurstöðu ytri úttektar má sjá á eftirfarandi slóð:

[https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttekktir/fjolbrautaskolinn\\_i\\_gardabae\\_19.pdf](https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttekktir/fjolbrautaskolinn_i_gardabae_19.pdf)

Umbótaáætlun var lögð fram í framhaldi af ytri úttekt og má sjá hana á eftirfarandi slóð:

<https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttekktir/endurskodud-umbotaaetlun-jan-2020-vegna-ytra-mats.pdf>

Mikilvægt er að allt gæðastarf og innra mat sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem við nána skoðun geta varpað ljósi á stöðu mála og komið nýjungum til leiðar sem bæta skólastarfið. Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem unnið er að hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Slík aðferð kallast valdeflingarleið (empowerment evaluation). Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólastarfinu og áhersla er lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu (deiberate democratic evaluation). Spurningalistinn sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Allt ferlið er í anda leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáðferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum. Stjórnendur skólans hafa ekki orðið varir við að kennurum sé á einhvern hátt illa við kennslukannanirnar eða finnst þær óþægilegar. Þvert á móti hafa kennarar ætíð séð sóknarfærið í þessum könnunum og meta þau samtöl sem þeir eiga við skólameistara eða aðstoðarskólameistara um niðurstöður.

Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar átta sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi. Lesa má niðurstöður þessara úttekta í [sjálfsmatsskýrslum skólans](#).



## 6 Námsframboð

Miklar breytingar hafa orðið á framboði náms. Nú eru allar stúdentsbrautir orðnar þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt í byrjun árs 2017. Jafnframt var starfsbraut skólans fyrir fatlaða nemendur samþykkt á sama tíma. Samþykkis mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir styttri brautum, menntabraut og framhaldsskólabraut, var veitt snemma á árinu 2018. Því eru nú allar brautir skólans samþykktar.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2019:

### Námsbrautir

- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
  - alþjóðasamskiptasvið
  - menningarsvið
  - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
  - fata- og textílhönnunarsvið
  - leiklistarsvið
  - myndlistarsvið
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
  - heilbrigðisvið
  - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
  - hagfræðisvið
  - viðskiptasvið
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur (4 ár)
- Styttri brautir
  - Framhaldsskólabraut
  - Menntabraut

## 7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

### 7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

### 7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2019

	2014		2015		2016		2017		2018		2019		2020		
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	haust	Vor	haust	Mið	Vor	haust
Fjöldi nem.	678	766	672	725	642	736	669	722	659	725	629	708	692	699	735

### 7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2020.\*

Ár	Miðönn %**	Vor %	Haust %	Alls á ári
2014		11/678=1,6%	18/766=2,3%	29
2015		17/672=2,5%	11/725=1,5%	28
2016		11/642=1,7%	11/736=1,5%	22
2017		11/699=1,6%	13/722=1,8%	24
2018		9/659=1,4%	8/725=1,2%	17
2019		4/629=0,6%	5/712=0,7%	9
2020	9/663=1,4%	1/699=0,1%	2/735=0,3	12

\* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN

\*\* Talið er brottfall á þeirri önn sem hófst í nóvember 2019 og lauk í febrúar 2020.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur reynt að mæla brottthvarf á annan hátt en viðurkennir jafnframt að þetta er mjög erfitt. Tölur ráðuneytisins fyrir FG eru aðrar en okkar enda er talningin mjög ólík. Hjá MRN er reynt að meta hversu margir hverfa frá námi. Niðurstaða ráðuneytisins fyrir skólaárið 2019-2020 hjá FG er að brottfall er 0,0% en tilfærsla 5,4% en það eru þeir sem halda áfram námi en fara í aðra skóla. Sjá meðfylgjandi töflu.

#### Skólaárið 2019-2020

Framhaldsskóli	Brotthvarf	Tilfærsla	Fjöldi
Árgangur	4,0%	8,3%	4002
FG	0,0%	5,4%	184

### 7.iv Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2015–2020 greind eftir kynjum.


Námsbr.	2015		2016		2017		2018		2019		20	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Alþjóðabrautir	12	47	17	53	19	62	16	53	16	37	11	30
Fatahönnun	4	28	2	18	1	16	5	15	5	12	4	17
Félagsvísindi	37	64	29	71	21	61	29	60	19	49	27	48

Framhaldsskólabraut	12	10	13	14	19	12	17	18	15	8	11	5
Hönnun- og markaðsbraut	6	17	7	21	10	25	20	37	30	53	31	54
Íþróttabraut	55	25	61	19	62	30	57	27	58	30	55	29
Leiklist	26	66	26	74	26	71	28	77	29	57	24	54
Menntabraut										1		
Myndlist	14	42	17	48	14	45	15	36	11	34	9	32
Náttúrufræðibrautir	86	64	73	56	53	59	39	55	64	55	75	53
ST2	10	4	8	6	10	4	9	9	10	11	11	12
Viðskiptabrautir	58	35	69	30	67	42	66	42	68	35	96	47
<b>Samtals</b>	<b>320</b>	<b>403</b>	<b>322</b>	<b>411</b>	<b>302</b>	<b>428</b>	<b>301</b>	<b>429</b>	<b>325</b>	<b>382</b>	<b>354</b>	<b>381</b>
		723		733		730		730		707		735

**7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitafélögum haust 2020**

<b>Nemendur eftir sveitafélögum haustið 2020</b>	
Kópavogur	241
Garðabær	238
Hafnarfjörður	80
Reykjavík	63
Garðabær - Álftanes	41
Landsbyggð	30
Suðurnes	25
Mosfellsbær	13
Annað	3
Setjarnarnes	1

**735**



**7.vi Meðalstærð námshópa í dagskóla 2018-2020**

Hópar	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019	Haust 2020
Viðmiðunarstærð 25-28	23,2	25,5	24,4	25	25,9 (102 hóp.)
Viðmiðunarstærð 22-26	19,6	20,8	19,2	20,8	21,1 (11 hóp)
Viðmiðunarstærð 15-18	14,5	16,4	15,34	14	15,4 (14 hóp.)
Viðmiðunarstærð 12-14	9,6	9,9	10,3	11,8	11,2 (6 hóp.)
Fornámsáfangar 15-18	13,3	13,2	13,4	12	8,5 (2 hóp.)

## 8 Starfsfólk

### 8.i Skólanefnd

Ný skólanefnd verður skipuð í mars 2021

- Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður.
- Steinþór Einarsson, varaform.
- Frosti Jónsson
- Sigrún María Jörundsdóttir
- Þorgerður Anna Arnardóttir
- Anna Sigríður Brynjarsdóttir, fulltr. ken.
- Anna Sóley Stefánsdóttir, fulltr. nem.
- fulltrúi foreldraráðs

### 8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2019

Starfsheiti	Karlar		Konur		Samtals	Hlutfall samtals
	Fjöldi	Starfs-hlutfall	Fjöldi	Starfs-hlutfall		
Aðstoðarskólameistari			1	100%	1	100%
Áfangastjóri			1	100%	1	100%
Bókavörður			2	175%	2	175%
Fjármálastjóri			1	100%	1	100%
Framhaldsskólakennari	16	1480%	34	3180%	50	4660%
Kennsluráðgjafi			1	33%	1	33%
Kerfisstjóri	1	100%			1	100%
Leiðbeinandi	2			50%	2	50%
Matráður			1	100%	1	100%
Náms- og starfsráðgjafi			2	200%	2	200%
Skólafulltrúi			1	75%	1	75%
Skólaliðar			2	300%	2	300%
Skólameistari	1	100%			1	100%
Skrifstofustjóri			1	100%	1	100%
Stuðningsfulltrúi			1	100%	1	100%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%			1	100%
Verkefnisstjóri	1	50%			1	50%
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>1830%</b>	<b>48</b>	<b>4613%</b>	<b>70</b>	<b>6443%</b>

### 8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 46,6
- Aðrir starfsmenn 14,3

### 8.iv Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Snjólaug Elín Bjarnadóttir frá 1. nóv. 2017
- Áfangastjóri – Kristín Helga Ólafsdóttir frá 1. jan. 2018
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%) frá 1. ágúst 2010

### 8.v Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hulda Friðjónsdóttir /Hrafnhildur Guðmundsdóttir haust 2019
- Húsvörður – Stefán Kristófersson
- Kennslustjórar

### 8.vi Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 48 68,6%
- Karlar 22 31,4,0%

### 8.vii Starfsaldur kennara í FG

*Við FG = 11,7 ár*

### 8.viii Kennsluhættir í FG

8.viii Kennsluhættir í FG

Á undanförunum árum höfum við í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ stefnt að því að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og námsmati. Haustið 2019 voru tekin ný skref á þessari vegferð. Það haust tókum við upp þriggja anna kerfi með það að markmiði að bæta árangur og stuðla að nýjungum í kennslu og auka fjölbreytni í námsmati.

**Fyrsta skrefið** var að gera þá kröfu til nemenda að þeir komi með eigin snjalltæki í skólann og þar með stuðla að meiri notkun á þeirri tækni sem býðst í kennslu og námsmati. Til að styðja við þetta voru settar upp tvær hleðslustöðvar í skólanum þar sem nemendur geta hlaðið snjalltækin sín. Einnig geta nemendur sem gleyma snjalltækjunum sínum heima eða eiga ekki góð tæki fengið lánaðar fartölvur á bókasafni skólans.

**Annað skrefið** var að byrja að breyta kennslustofum þannig að þær henti betur til kennslu þar sem fjölbreyttum kennsluaðferðum er beitt. Til að kennslustofa henti sem best til margskonar vinnubragða þá þurfa húsgögnin að vera þannig að auðvelt sé að færa þau fram og til baka og breyta uppröðun í stofunni á stuttum tíma. Við byrjuðum á því að taka þrjár slíkar stofur í gagnið haustið 2019 þar sem stólar og borð eru á hjólum og haustið 2021 munu tvær slíkar bætast við.

**Þriðja skrefið** snýst um aðgengi að hugbúnaði og tækni. Haustið 2020 fengu allir kennarar skólans nýja fartölvu og í öllum kennslustofum skólans er dokka sem hægt er að setja fartölvuna í. Kennurum er í sjálfsvald sett hvaða hugbúnað þeir vilja nota og skólinn borgar fyrir aðgang ef þess er þörf. Kennarar FG eru orðnir mjög færir í Turnitin, Nearpod og öðrum hugbúnaði sem hentar til að auka fjölbreytni kennsluáferða. Á þessu skólaári er hópur kennara með prófakerfið Inspira til reynslu og mun meta í vor hvort kerfið sé góð viðbót í verkfæratösku kennara.

**Fjórða skrefið** er endurmenntun. Vorið 2020 tóku sig saman FG, Flensborg og FS og réðu saman kennsluráðgjafai til skólanna sem á að sinna endurmenntun og styðja við kennara í notkun á þeim fjölbreyttu kostum sem í boði eru hvað varðar rafrænar kennslu- og námsmatslausnir. Haldin voru nokkur örnámskeið þar sem kennarar kynntu fyrir öðrum kennurum hvernig þeir nota ólíkan hugbúnað í kennslu. Stefnt var að því að vera með þriggja daga námskeið síðastliðið haust í leiðsagnarnámi. Var búið að ráða leiðbeinendur og all nokkur hópur kennara búið að ská sig á námskeiðið. Hugmyndin var, og skilyrði fyrir þátttöku, að kennarar myndu svo prófa leiðsagnarnám á skólaárinu. Þar sem skólastarf var í uppnámi á haustdögum þá var námskeiðinu frestað og í staðinn voru fengnir kennarar frá Háskóla Íslands sem héldu námskeið í aðferðum sem reyndst höfðu vel við fjarkennslu. Mikil þátttaka var á námskeiðinu og sögðu margir kennarar að þetta hafi hjálpað þeim verulega við þessar skrytnu aðstæður.

**Fimmta skrefið** eru breyting á námsmati. Við þá breytingu að taka upp þriggja anna kerfi þá þurftu kennarar að hugsa sína kennslu upp á nýtt. Sem alltaf er gott. Hver kennslutími er lengri en áður, er nú 2x120 mínútur og 1x80 mínútur í stað 4x50 áður. Á síðustu árum hefur námsmat verið að breytast, er nú í formi þess að nemendur vinna fleiri og fjölbreyttari verkefni inni á önninni í stað fárra verkefna og lokaprófs í lok annar. Önnur breyting sem átt hefur sér stað er að í auknum mæli hafa kennarar verið að nota gagnapróf eða gagnaverkefni þar sem nemendur mega nota ákveðin gögn í stað þess að mæta í próf án gagna. Þetta hefur leitt til þess að lokaprófum hefur fækkað til muna í skólanum. Þetta hefur líka leitt til þess að fjölbreyttara námsmat er í skólanum en áður.

Þetta eru miklar breytingar og ekki eru allir sammála þeim. Það hefur verið stefna skólans að neyða ekki kennara til að fara með kennslu sína í þessa átt heldur hvetja kennara til dáða og styðja þá sem vilja breyta.

## 9 Fjármál skólans

Fjárhagsstaðan er góð og vel innan ramma fjárlaga fyrir árið 2020. [Í ársreikningi stendur eftirfarandi.](#)

„Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.121,4 milljónir og afkoma kr. 12,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 103,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 199,0 milljónir.“

Áfram var á þessu ári endurbætt húsgögn og tölvubúnaður endurnýjaður. Alls numu fjárfestingar rúmum 22 milljónum króna.

Samkvæmt fjárlögum fær skólinn 1.097.900.000 íkr. úr ríkissjóði fyrir árið 2020 og 29,9 milljónir til fjárfestinga. Skólinn lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2021 í nóvember og gerir að óbreyttu ekki ráð fyrir neinum vandræðum við rekstur skólans á árinu 2021.

## Upplýsingar um framhaldsskóla

Skóli: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

### Stærð skóla, fjöldi nem og starfsmanna

FG er skóli með rúmlega 700 nemendum og um 70 starfsmönnum í 5.685 fermetra húsnæði. Gert er ráð fyrir 700 ársnemendum á árinu 2020 samkvæmt [Fylgiriti með fjárlögum 2020](#) bls. 130.

### Námsframboð

FG er áfangaskóli með sjö stúdentsbrautir og tvær styttri brautir. Í skólanum er jafnframt fjögurra ára starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Rúmlega 90% nemendafjöldans stunda nám í dagskóla, tæp 10% stunda fjarnám.

### Sérverkefni, þróunarstarf

Skólinn tekur þátt í brotthvarfsverkefni mrn.

### Matsaðferðir og umbótaþættir skv. skýrslu

Skólinn hefur gert sjálfsmatsáætlun og skilar árlegri skýrslu. Sjálfsmatskýrsla er birt á heimasíðu skólans.

### Úttektir

Skólinn var tekinn út af mrn á vorönn 2013. Skólinn var tekin út af Menntamálastofnun á vorönn 2019. [Niðurstöður úttekta ásamt viðbragðsáætlunum](#) eru birtar á heimasíðu skólans. Kennslumat er framkvæmt í hverjum áfanga á hverri önn.

### Afkoma, rekstrarstaða

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.121,4 milljónir og afkoma kr. 12,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 103,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 199,0 milljónir

### Brottfall

Samkvæmt skráningu skólaráðs hættu 9 nemendur á miðönn 2020 og 1 á vorönn 2020 og 2 á haustönn 2020.

### Stjórnun

Auk skólameistara er aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, fjármálastjóri, skrifstofustjóri, húsvörður og kennslustjórar.

### Samvinna við aðra

Kennarar í FG semja próf og leggja fyrir nemendur í Garðaskóla sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum.

Nemendur í Sjálandsskóla og á Álftanesi stunda nám í fjarnámi í FG.

Fundað er annað hvert ár með grunnskólakennurum í Garðabæ.

Skólinn er þátttakandi í átakinu Græn skref í ríkisrekstri og hefur lokið fjórum skrefum.

Skólinn er þátttakandi í verkefni á vegum Ungt fólk í Evrópu.



*Skólinn er í samstarfi við Amsterdam Lyceum í Hollandi.  
Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu ReEnergy.  
Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu Sustainability in the rural areas.  
Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu Mapping Youth's Health.*

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans**

*FG er almennur framhaldsskóli með fjölbreytt námsframboð. Sérstök áhersla er á listnám og er þar boðið upp á þrjár leiðir. Leiklist, myndlist, textíl- og fatahönnun. Tónlistarnemendur hafa fengið nám sitt í tónlistarskólum metið inn sem sérstakt listasvið innan listnámsbrautar. FG sinnir fjölbreyttum hópi nemenda og er Garðabær helsta upptökusvæði skólans.  
Mjög mikilvægt er að bæta aðstöðu fyrir listnám og starfsbrautarkennslu við skólann.*

Ríkisaðili	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið				
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður Kristinn Þorsteinsson						
A	Kjarnastarfsemi						
	<p>Skólinn starfar eftir áfangakerfi og býður upp á fjölbreytt listnám, íþróttabraut auk bóknáms. Staðfestar stúdentsprófsbrautir eru 7 og skiptast þær niður á nokkur svið. Að auki er starfrækt sérnámsbraut fyrir fatlaða. Stúdentsprófsbrautirnar eru skilgreindar sem 3ja ára brautir. Á heimasíðu skólans koma fram kröfur sem nemandi þarf að uppfylla við innritun til að komast inn í áfanga á 2. þrepi í kjarnagreinum. <u>Skólanámskrá skólans</u>, síðast endurskoðuð í október 2020, er birt á vef hans sem og brautalýsingar.</p> <p>Skólinn býður upp á náms- og starfsráðgjöf, ráðgjöf í forvörnum, forvarnafulltrúa, hinsegin fulltrúa og við skólann starfar félagsmálafulltrúi nemenda og alþjóðafulltrúi. Nemendur sem þurfa á sálfræðiráðgjöf að halda fá nokkra tíma á vegum skólans.</p> <p>Í skólanum eru um 700 nemendur að meðaltali í dagskóla. Á haustönn 2020 eru 736 í dagskóla og 79 í fjarnámi. Í skólanum er vel útbúið bókasafn, þráðlaust net og mótuneyti fyrir nemendur og kennara.</p> <p>Tekið var upp þriggja anna kerfi haustið 2019, það er þriggja ára tilraunaverkefni og verður árangur metinn að því loknu.</p> <p>Markmið skólans tengjast markmiðum ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur hér að neðan.</p>						
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

<b>A1</b>	Hækka hlutfall þeirra nemenda sem ljúka námi á tilsettum tíma.  Miðað við að nemendur ljúki stúdentsprófi		Fjöldi útskrifaðra nemenda með B eða hærra úr grunnskóla í kjarnagreinum. (9 önnum) af þeim sem eru enn í skólanum og innrituðust vor 2016 – 2018 - 2020	Útskriftarlisti nemenda	49,1%	63%	65%
			Fjöldi útskrifaðra nemenda með lægra en B úr grunnskóla í kjarnagreinum (einum eða fleirum). (9-12 önnum) af þeim sem eru enn í skólanum og innrituðust vor 2016 – 2018 - 2020	Útskriftarlisti nemenda	74,4%	78%	80%

**Tengist markmiði málaflokks**

Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2020 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.

<b>Nr.</b>	<b>Verkefni/aðgerðir</b>	<b>Upphaf</b>	<b>Endir</b>
<b>A1.1</b>	Áframhaldandi þróun þriggja anna kerfis.	2014	Endurskoðað 2022
<b>A1.2</b>	Fjölbreyttir kennsluhættir, námskeið fyrir kennara og áherslubreytingar í námsmati	2017	Viðvarandi
<b>A1.3</b>	Gerð skýrsla um hlutfall útskrifaðra nemenda.	2018	Viðvarandi

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A2	Bæta árangur í námi.		Skólasókn	Skólasóknar- einkunnir	83,85% raunmæting skólaárið 2018-2019	85% raunmæting skólaárið 2020-2021	87% raunmæting skólaárið 2022- 2023
			Einkunnir nemenda	Einkunnalistar og meðaleinkunn anna	6,32 meðaltal beggja anna eins og reiknast frá einkunna- dreifingu í INNU skólárið 2018-2019	6,50 meðaltal þriggja anna eins og reiknast frá einkunna- dreifingu í INNU skólaárið 2020-2021	6,70 meðaltal þriggja anna eins og reiknast frá einkunna- dreifingu í INNU skólaárið 2022- 2023
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>							
Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2020 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.							
<b>Nr.</b>	<b>Verkefni/aðgerðir</b>					<b>Upphaf</b>	<b>Endir</b>

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

<b>A2.1</b>	Sérstak átak í skólasókn. Fylgst sérstaklega með skólasókn nýnema. Mikil samskipti við foreldra.	2018	2022
<b>A2.2</b>	Námskeið í leiðsagnarmati (átti upphaflega að vera haustið 2020 en verður haustið 2021).	2020	2020
<b>A2.3</b>	Gerður samningur við <a href="#">Inspira</a> um innleiðingu á rafrænum prófum.	Haust 2020	Endurskoðað 2021 og 2023

B	Rekstrarþættir
	<p><i>Skipulag rekstrar er hefðbundið og miðar að því að styðja við meginstarf skólans sem er kennsla og þjónusta við nemendur. Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur áherslu á heilbrigði líkama og sálar. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Grænum skrefum og hefur þegar lokið tveimur skrefum og stefnir að því að ljúka því þriðja fyrir árslok 2020.</i></p> <p><i>Á haustönn 2020 starfa samtals 64 starfsmenn við skólann, 46 konur og 18 karlmenn. Kennarar eru 47 þar af 32 konur og 15 karlmenn, fjöldi stöðugilda er 42,15. Meðalaldur kennara er 46,5 ár og þeir hafa allir réttindi til að kenna þær greinar sem þeir kenna. Yfirstjórn hefur ekki aukist frá 2003 og samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, verkefnastjóra (50%) og fjármálastjóra og er meðalaldur 57 ár. Auk þess eru 2 kvenkyns náms- og starfsráðgjafar í 200% starfshlutfalli. Skólaárið 2020-2021 eru 3 konur í yfirstjórn og tveir karlar.</i></p> <p><i>Eftirfarandi eru birtar <a href="#">stefnur skólans</a>: Stefnuskra skólans, Heilsustefna, Jafnréttisstefna, Persónuverndarstefna, Stefna skólans í forvörnum, Umhverfisstefna/samgöngustefna og Starfsmannastefna.</i></p> <p><i>Innra mat skólans er fjölbreytt og tekur til allra þátta skólastarfsins. Kennslukönnun er lögð fyrir nemendur á hverri önn í öllum áföngum skólans. Henni er fylgt eftir með samtölum skólameistara og aðstoðarskólameistara við kennara. Ein námsgrein / námsdeild er tekin út á hverju skólaári. Um viðamikla úttekt er að ræða sem er þríþætt. Könnun er lögð fyrir nemendur, kennslustundir allra kennara deildarinnar eru heimsóttar og persónuleg viðtöl eru tekin við kennarana. Allt innra mat skólans hefur verið sett upp í töflu og birt í sjálfsmatsáætlun og <a href="#">sjálfsmatskýrslum</a> sem birtar eru á heimasíðu skólans.</i></p> <p><i>Sjá má <a href="#">stefnuskrá skólans</a> og aðrar stefnur <a href="#">hér</a>.</i></p> <p><i>Ytra mat skólans er í höndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Gerð var <a href="#">ytri úttekt á skólanum</a> á vorönn 2019 og <a href="#">umbótaáætlun</a> skilað inn í desember 2019.</i></p> <p><i>Rekstur skólans gengur vel. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2019 var rekstrarafgangur ársins 12 milljónir og hrein eign kr. 90,7 milljónir í árslok og eignir samtals 168,5 milljónir.</i></p> <p><i>Stórátak hefur verið gert í endurnýjun og kaupum á búnaði og tækjum.</i></p>

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B1	Tölvur, tæki, búnaður og þar með talinn hugbúnaður sé samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð.	Kortlagning búnaðar stöðumat búnaðar og þarfagreining	Eignaskrá, könnun innan deilda	Mikli endurnýjun átti sér stað skólaárið 2018 til 2019. Búið að umbylta vinnuaðstöðu kennara. Búið að endurnýja húsgögn í þremur stofum. Bókasafn gjörbreytt og sköpunar-rými innréttað í bókasafninu.	Búið að endurnýja tölvur allra kennara. Byrjað að bæta lýsingu í skólanum. Þrjár stofur til viðbótar endurnýjaðar. Búið að innleiða notkun á prófaforritinu Inspira.	Fimm stofur til viðbótar endurnýjaðar. Endurnýjun á þráðlausu kerfi.

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir			
B1.1	Endurnýja / gera við húsgögn í kennslustofum, á bókasafni, vinnuaðstöðu kennara og endurnýjun á skrifstofum.	2018	2020			
B1.2	Endurnýja tölvur, tæki og hugbúnað í skólanum	2018	viðvarandi			
B1.3	Endurnýja 1 – 3 kennslustofur á önn	2018	viðvarandi			
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B2	Auka kunnáttu kennara til notkunar upplýsingatækni í kennslu	Niðurstöður Könnun meðal kennara	Könnun meðal kennara	Óvíst en könnun lögð fyrir haustið 2020	Aukin fjölbreytni – fleiri kennarar nota upplýsingatækni	Aukin fjölbreytni – fleiri kennarar nota upplýsingatækni
Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir			
B2.1	Ráðinn starfsmaður í 33% starf til aðstoða kennara við notkun upplýsingatækni í kennslu – samstarfsverkefni með Flensborg og Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem deila með sér kostnaði af verkefninu.	Mars 2020	Óvíst			
B2.2	Námskeið í notkun upplýsingatækni og breyttum kennsluaðferðum	Haust 2019				
B2.3	Námskeið í notkun fjarkennsluaðferða	Haust 2020				
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023



**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

B3	Draga úr umhverfisáhrifum	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri	Úttekt á grænum skrefum.	Tveimur skrefum lokið	Öllum fimm skrefum lokið	
		Minnka kolefnispor af ferðum starfsmanna	Fjöldi samgöngusamninga	Byrjað á samgöngu-samningum	40% starfsmanna á samgöngu-samning	50% starfsmanna á samgöngu-samning
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Starfsmanni falið að leiða vinnu í Grænum skrefum				2019	2021
B3.2	Starfmönnum boðið upp á samgöngusamning				2019	Viðvarandi
B3.3	Unnið að loftslagsstefnu í samræmi við áherslur ríkisins				2020	2021

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

**sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**